

Öryggismál og gæsla innan Bláa Lónsins

Athafnarsvæði fyrirtækisins er vaktað allan sólarhringinn af öryggisvaktstöð, til að tryggja öryggi gesta og starfsfólks, og bregðast við atvikum. Atvik eru tilkynnt og fylgt eftir í atvikaskráningakerfi og viðhaldskerfi fyrirtækisins. Viðeigandi stýringum er viðhaldið til að lágmarka tíðni og alvarleika atvika í rekstri.

Bláa Lónið er með skýrar og virkar viðbragðsáætlanir til að bregðast við atvikum:

- Hver og einn starfsmaður er ávallt ábyrgur fyrir eigin heilsu og öryggi. Ef starfsmaður telur að öryggi sitt eða annarra er í hættu, skal fyrst leiðréttast aðstæður á öruggan hátt og upplýsa sinn næsta yfirmann.
- Í alvarlegum tilfellum tilkynna starfsmenn yfirmanni sínum tafarlaust sem stýrir vettvangi þar til öryggiverðir mæta á staðinn.
- Í flestum tilfellum sér yfirmaður svæðis um viðeigandi viðbrögð og tímabundna lokun svæðis, en leitar til öryggisvarða ef þörf krefur. Ef atvikið krefst lokunar á svæðum eða þjónustu til lengri tíma, er sú ákvörðun í höndum öryggisstjóra og/eða COO.

Tilkynnt atvik eru rýnd vikulega, aðgerðir skilgreindar og stýringum breytt í kjölfar þeirra til að lágmarka áhættustig og tryggja að sambærileg atvik endurtaki sig ekki.

Heilsu- og öryggisstjóri starfar í Bláa Lóninu í samvinnu með öryggisvöktun þess. Innan veggja fyrirtækisins starfar öryggisráð, samansett af fulltrúum fyrirtækisins og starfsmanna, með það hlutverk að tryggja öryggi og heilsu allra starfsmanna. Heilbrigðiseftirlitið rýnir reksturinn reglulega og Bláfáninn og Vakinn framkvæma úttektir árlega.

Bláa Lónið hefur áhættumetið helstu störf og þjónustu innan fyrirtækisins, sem er rýnt árlega eða oftast ef þörf krefur. Áhættumat er stýrt af heilsu- og öryggisstjóra en framkvæmt af starfsfólki. Rýni og eftirfylgni atvika leiða oft til umbóta á athafnarsvæðinu og/eða í þjónustu og getur einnig leitt til rýni á áhættumati rekstursins. Árlegar heilsufarsmælingar eru í boði fyrir starfsfólk sem hvatning til bættrar heilsu og samantekið yfirlit sem tækifæri til að bæta heilsumenningu fyrirtækisins.

Flest samskipti fara fram á Workplace og allt starfsfólk hefur aðgang að öryggisvöktun allan sólarhringinn. Vikulegir upplýsingafundir eru einnig skipulagðir með starfsfólki í framlínu.

Fjöldi námskeiða eru í boði, bæði rafræn og í sal, varðandi öryggismál, gæslu og vöktun. Má þar með nefna: Skyndihjálparnámskeið, Skyndihjálpar og björgun í vatni fyrir gæsluverði, Viðbrögð við ógnandi hegðun, Þjálfun öryggisvarða, og rafræn öryggis- og heilsunámskeið fyrir allt starfsfólk.

Bláa Lónið uppfyllir ávallt allar lagalegar kröfur.